



HÁSKÓLI FYRIR ALLA
Aðgengi og úrræði við Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT



Inngangur	3
Að velja námsleið	4
Hvert leita ég eftir aðstoð og upplýsingum?	5
Reynslusögur stúdenta	6
Heyrnarskerðing	6
Sálræn vandkvæði	7
Hreyfihömlun	8
Langvarandi veikindi	9
Dyslexía	10
Blinda/sjónskerðing	11
Úrræði	12
Nám erlendis – HEAG	15
Aðrir sem láta sig málefnið varða	16
Ráð um málefni fatlaðra	16
Fortúna – Félag um málefni fatlaðra stúdenta í HÍ	16
Framhaldsnám í fötlunarfræði	17
Vefsetur í fötlunarfræði	17
Leiðir og bílastæði fyrir hreyfihamlaða	18

INNGANGUR

Bæklingurinn Háskóli fyrir alla – aðgengi og úrræði við Háskóla Íslands er gefinn út af ráði um málefni fatlaðra. Markmiðið með útgáfunni er að gera jafnréttisstarf og þjónustu Háskólans sýnilegri og er bæklingnum beint til þeirra sem búa við einhvers konar fötlun eða hömlun. Með því er átt við hreyfi- og skynhamlanir, sértæka námsörðugleika og tímabundin líkamleg og sálræn vandamál sem hafa áhrif á athafnir daglegs lífs. Mikilvægt er að stúdentar séu meðvitaðir um rétt sinn og úrræði í boði hverju sinni.

Til grundvallar liggur jafnréttisstefna Háskólans sem felur m.a. í sér stefnu um málefni fatlaðra (<http://www.hi.is/id/1005376>) og stefnu gegn mismunun (<http://www.hi.is/page/stefnagegnmismunun>) sem byggist á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og nær til allra minnihlutahópa. Háskólinn starfar jafnframt eftir reglum um sértæk úrræði í námi (<http://www.hi.is/id/1005397>). Fólk er hvatt til að kynna sér stefnu og reglur sem háskólasamfélagið hefur mótað og samþykkt í þeirri viðleitni að jafna möguleika stúdenta til náms.

Námsráðgjöf heldur utan um þjónustu sem Háskólinn veitir en margir leggja hönd á plóg og því brýnt að stúdentar sem vilja nýta sér úrræði skólans leiti til Námsráðgjafar um leið og ákvörðun um skólavist er tekin.

Velkomin(n) í Háskóla Íslands!



AÐ VELJA NÁMSLEIÐ



Þau sem hyggja á háskólanám leita gjarnan svara við spurningum eins og:

- Hvað vil ég?
- Hvert stefni ég?
- Hvaða nám hentar mér?
- Er kostur á sveigjanleika í námi?
- Hverjir eru starfsmöguleikar mínir að námi loknu?

Námsleiðir við Háskóla Íslands eru um 200 talsins og því mikilvægt að gefa sér góðan tíma til að íhuga hvaða leið skuli valin. Margir stúdentar hafa tekið ákvörðun um námsval löngu áður en þeir skrá sig í Háskólann en aðrir eru óráðnir.

Námsráðgjöf HÍ veitir ráðgjöf um námsval. Auk viðtala hjá námsráðgjafa er boðið upp á áhugasviðskönnun til að fá aðstoð við náms- og starfsval. Slík könnun veitir innsýn í áhugasvið viðkomandi hvað varðar nám, störf og frístundir.

HVERT LEITA ÉG EFTIR AÐSTOÐ OG UPPLÝSINGUM?

Hlutverk Námsráðgjafar Háskóla Íslands er að aðstoða þá sem leita svara við framangreindum spurningum.

Á rafrænu umsóknareyðublaði og á heimasíðu Námsráðgjafar er að finna upplýsingar um þjónustu sem Háskólinn veitir stúdentum sem þurfa á úrræðum að halda eða stuðningi í námi.

Óski stúdent eftir slíkum úrræðum skal hann snúa sér til Námsráðgjafar Háskóla Íslands. Stúdent þarf að leggja til greiningu frá sérfræðingi þar sem fram kemur hvað hamli honum í námi og í framhaldi af því gera námsráðgjafi og stúdent skriflegt samkomulag um til hvaða úrræða skuli gripið. Námsráðgjöf ber ábyrgð á að fylgja samkomulaginu eftir.



**Námsráðgjöf veitir
upplýsingar um úrræði
og aðgengi við Háskóla
Íslands. Netfangið er
radgjof@hi.is.**

REYNSLUSÖGUR STÚDENTA



Úrræði geta m.a. falið í sér:

- táknmálstúlk
- táknmálsritara
- hreyfanlegan tónmöskva
- glósuvin
- stuðningsviðtöl
- rólegar aðstæður í prófum
- ljósrit af glærum kennara
- lengri próftíma
- ritara

Heyrnarskerðing

Ég hef verið heyrnarlaus frá fæðingu. Ég er í læknisfræði. Ég valdi bara það fag sem mig langaði að læra og lét heyrnarleysið ekki ráða vali mínu. Ég gerði mér óljósa grein fyrir þjónustu HÍ við fatlaða nemendur áður en ég hóf nám enda skilst mér að HÍ þekki ekki mikið til heyrnarskertra nemenda. Þeir hafa lítið sótt í langskólanám fyrr en á allra síðustu árum.

Ég sá úrræði ekki auglýst en það um að táknmálstúlkur fylgdi mér í gegnum námið á fundi mínum með námsráðgjafa en ekki var mikil reynsla af táknmálstúlkun við nám HÍ.

Ég hef þurft á táknmálstúlki að halda í öllu sem er gert í skólanum, í fyrirlesturum, verklegum tímum, hópverkefnum og starfsnámi. Aðgengi að úrræðum var ágætt en ég þurfti að hafa mikið fyrir því að útskýra hömlun mína. Best væri ef einn námsráðgjafi hefði upplýsingar um þarfir okkar.

Vissulega hefur námið ekki alltaf verið dans á rósum og við höfum þurft að leysa ýmis mál sem snerta fötlun mína. Kennarar hafa sýnt mér gott viðmót og það skiptir miklu máli. Þó finnst mér þeir ekki nógu upplýstir um úrræði sem ég þarf á að halda í námi en það helst kannski í hendur við reynsluleysi þeirra af heyrnarskertum nemendum.

Sálræn vandkvæði

Ég var að klára annað árið í viðskiptafræði. Ég þjáist af óbærilegum prófkvíða. Ég missi einbeitingu við lesturinn, svefninn fer allur úr skorðum og svo á ég til að æla eins og múkki. Þegar kemur að prófum er ég stundum gersamlega að niðurlotum kominn. Það hefur því skipt mig miklu máli að fá lengri próftíma en fyrstu 20 mínúturnar nota ég til að róa mig niður með ráðum sem ég lærði á prófkvíðanámskeiði Námsráðgjafar.

Þegar ég byrjaði í HÍ vissi ég auðvitað að þar væru námsráðgjafar en ég vissi samt ekki að þeir byðu upp á alla þessa þjónustu sem snýr að kvíða. Ég fékk sendan tölvupóst um námskeið fyrir nemendur með prófkvíða og ég ákvað að slá til og sé ekki eftir því. Það sem ég lærði af námskeiðinu hefur hjálpað mér gríðarlega mikið og síðan fer ég líka alltaf reglulega til þeirra í stuðningsviðtöl. Mér finnst þjónustan alveg til fyrirmyndar. Ég fæ alltaf mjög skjót svör við spurningum mínum og ráðgjöfin er mjög góð.

Kennararnir eru ágætlega upplýstir um þennan vanda og ég hef mætt miklum skilningi hjá þeim flestum. Það er helst að sumir samnemendur líti mann hornauga þegar þeir sjá að ég hef lengri próftíma en þeir. En flestir eru alveg ágætir og vildu áreiðanlega ekki skipta á riflegum prófkvíða fyrir nokkrar mínútur í viðbótartíma.



Úrræði geta m.a. falið í sér:

- stuðningsviðtöl
- persónulega/ sálfræðilega ráðgjöf
- lengri próftíma
- rólegar aðstæður í prófum
- prófkvíðanámskeið

Hreyfihömlun

Ég er hreyfihömluð og geng við hækjur vegna MS-sjúkdómsins sem lýsir sér í þrekleysi, máttleysi í fótum sem kemur fram í göngulagi og minna jafnvægi. Ég er að ljúka námi í félagsvísindadeild. Við val á náminu skipti öllu máli að aðgengið væri gott.

Í Odda þar sem námið fer að langmestu leyti fram eru fyrirtaks aðstæður fyrir einstaklinga með mína fötlun. Ég gerði mér ágætlega grein fyrir þeirri þjónustu sem er fyrir hendi í HÍ og hún hefur batnað frá því að ég byrjaði 2001. Þau úrræði sem ég hef þurft á að halda í námi mínu eru tengd prófum þar sem ég tek þau í einrými með lengri tíma. Mér var bent á þessi úrræði í fyrsta viðtali við námsráðgjafa HÍ, þau eru ekki auglýst mikið heldur þarf að fylgjast með og leita eftir þeim. Sumir eru duglegir að leita réttar síns og vita hvað og hvernig þeir eiga að bera sig að en aðrir eru það ekki.

Fatlaðir í háskólasamfélaginu hafa hingað til ekki verið nægilega öflugur þrýstihópur. Þetta er ekki hópur sem stúdentaráð HÍ þjónar. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða nemendur við Háskóla Íslands er ekkert til að hrópa húrra fyrir og meira að segja í nýjustu byggingunni hefur margt gleymst! Þjónusta Námsráðgjafar HÍ er til fyrirmyndar. Stuðningur og ráðgjöf er sífelld, þú gleymist ekki.

Sumir kennarar eru upplýstir en aðrir ekki. Því miður eru of margir illa að sér um málefni fatlaðra en ég lít á þetta mál þannig að það sé á ábyrgð hvers og eins að koma sínum málum áfram hvort sem er með aðstoð námsráðgjafa eða ekki.



Úrræði geta m.a. falið í sér:

- val á aðgengilegu kennsluhúsnæði
- hljóðritun fyrirlestra
- glósuvin
- rólegar aðstæður í prófum
- hvíld án skerðingar á próftíma
- aðstoðarmann
- stuðningsviðtöl
- bækur á stafrænu formi fyrir tölvuþul
- lengri próftíma
- ritara
- próftöku á tölvu
- munnleg próf

Langvarandi veikindi

Ég stunda nám í verkfræðideild. Ég get ekki stundað fullt nám, tek 50% á misseri, mest 75%. Ég verð að mennta mig til að verða ekki öryrki. Auk þess að vera haldin erfiðum vaxtarsjúkdómi lenti ég í bílslysi sem veldur stöðugum verkjum í baki og hálsi og ég get ekki setið lengur en 10-15 mínútur í senn. Ég er líka á mjög sterkum lyfjum sem hafa áhrif á úthald.

Ég er með sérstakan stól í fyrirlestrarstofum, púlt í sumum tímum, hvíldaraðstöðu, leyfi til að standa í tímum og fara inn og út að vild. Ég er rosalega stressuð í prófum fær flemstursköst og get hætt að anda. Ég hef fengið 25% lengri próftíma til þessa en hef ekki náð nema kannski einu sinni að klára próf á réttum tíma. Það setur strik í reikninginn að vera alltaf að skiptast á að sitja, liggja, standa o.s.frv. ásamt því að ég reyni að taka sem minnst af verkjalyfjum í prófum svo hausinn virki. Ég óskaði núna eftir 50% lengri próftíma og fékk það. Það kemur til með að breyta miklu fyrir mig því prófkvíðinn hefur fyrst og fremst snúist um að hafa ekki nægan tíma.

Ég var með námsráðgjafa sem sá um mín mál í grunnskóla og framhaldsskóla svo ég bjóst við að þetta yrði svipað í háskólanum. Mér finnst hins vegar vanta upp á að kynna þjónustu HÍ. Það er mikilvægt að námsráðgjafar hlusti á einstaklinginn sem getur skipt sköpum ef eitthvað bregður út af. Slík aðstoð er nauðsynleg t.d. til þess að nemendur flosni ekki upp úr námi. Flest allir kennarar taka tillit til minnar fötlunar og hafa hlé svo ég geti staðið upp o.s.frv. Sumir trúá manni ekki og biðja mann að setjast niður í tímum.



Úrræði geta m.a. falið í sér:

- val á hentugu kennsluhúsnæði
- hljóðritun fyrirlestra
- glósuvin
- púlt
- stuðningsviðtöl
- lengri próftíma
- ritara
- próftöku á tölvu
- rólegar aðstæður í prófum
- munnleg próf
- hvíld í prófi án skerðingar á próftíma



Úrræði geta m.a.falið í sér:

- glósuvin
- stuðningsviðtöl
- hljóðritun fyrirlestra
- sérmerktar prófurlausnir
- bækur á tölvutæku formi fyrir enskan þul
- lengri próftíma
- ritara í prófum
- stækkuð prófblöð
- lituð prófblöð
- próftöku á tölvu með leiðréttingarforriti

Dyslexía

Ég er í hjúkrunarfæði. Dyslexía hafði ekki áhrif á val mitt á námi. Mig hefur alltaf langað að vinna með fólki og því ákvað ég í menntaskóla að fara í hjúkrunarfæði. Ég hef lagt mig fram við að ná markmiðum mínum og aldrei látið dyslexíuna aftra mér.

Ég hélt að Háskólinn veitti ekki nemendum með sérparfir neina þjónustu og því kom mér sú hjálp sem mér var boðin mjög á óvart. Ég fæ lengri tíma í prófum og námsbækurnar mínar eru settar á tölvutækt form fyrir þuli (talgervil). Þetta hefur hjálpað mér gríðarlega mikið.

Þegar ég var að byrja í Háskólanum pantaði ég tíma hjá námsráðgjafa og hún benti mér á úrræði sem ég ætti rétt á. Ég fór á ágætt námstækninámskeið á vegum Námsráðgjafar og hef einnig nýtt mér persónulega og sálfræðilega ráðgjöf.

Ég held að kennarar séu upplýstir um þau úrræði sem nemendur þurfa á að halda þó að það hafi ekki reynt á það hjá mér. Mér finnst í rauninni ekki skipta máli hvort kennarar viti hvort ég sé með dyslexíu. Ég vil ekki fá sérmeðferð hjá kennurum, það er algjör óþarfi. Sú hjálp sem ég fæ hjá Námsráðgjöf nægir mér.


Blinda/sjónskerðing

Ég er það sem kallast lögblindur og er í hugvísindadeild. Þær sjónleifar sem ég hef er líkast því að horfa í gegnum þröngt rör, án þess þó að geta fókuserað á tiltekna hluti, hvað þá texta. Ég þarf að fá allan texta lesinn upp. Ég get þó bjargað mér skammlaust milli staða ef lýsing er hæfileg.

Ég hef fengið að hljóðrita fyrirlestra hjá flestum kennurum en sumir eru alfarið á móti því og óttast víst að ég dreifi þeim. Ég styðst við margvíslegan tölvubúnað í náminu sem ég á sjálfur, svo sem tölvu með blindraletursskjá en skólinn hefur hins vegar skannað námsbækurnar mínar á tölvutækt form. Það hefur gagnast mér býsna vel enda hafa gæði tölvupula batnað mjög með árunum. Þó mætti bæta uppsetningu og leitarmöguleika þularins.

Þar sem ég er fremur seinn að vélrita hefur lengdur próftími komið sér vel auk þess sem ég fæ öll próf á blindraletri. Ég hef nýtt mér vinnuáðstöðu á aðgengissetrinu sem er mjög fín en það er slæmt hvað fáir komast þar að. Fjölga þyrfti vinnustöðvum til að fleiri nemendur geti fengið aðstöðu.

Húsverðir og aðrir starfsmenn skólans hafa reynst mér vel þegar ég hef leitað til þeirra og það kom mér reyndar þægilega á óvart hversu upplýstir þeir eru um okkur sem þurfum á aðstoð að halda. Það sem fer kannski mest í taugarnar á mér er hve aðgengismál á háskólasvæðinu eru lítt sniðin að þörfum sjónskertra. Sérstök skilti utandyra sem vísa á byggingar væru mjög til bóta auk þess sem nota mætti litsterk merki sem vísa veginn innandyra, t.d. á stiga, lyftur og kennslustofur.



Úrræði geta m.a. falið í sér:

- val á hentugu kennsluhúsnæði
- bækur á tölvutæku formi fyrir enskan þul
- hljóðritun fyrirlestra
- vinnuáðstöðu á aðgengissetri
- lengri próftíma
- ritara
- stækkuð prófblöð
- lituð prófblöð
- próftöku á tölvu
- munnleg próf
- próf á blindraletri
- glósur á blindraletri

ÚRRÆÐI



Margvíslegar leiðir eru farnar til að koma til móts við þarfir stúdenta í námi og prófum. Í flestum tilvikum er það réttur stúdenta að fá úrræði vegna fötlunar eða hömlunar en í vissum tilvikum þarf samþykki deildar eða kennara að liggja fyrir.

Flestir stúdentar sem hefja nám við HÍ hafa þegar tamið sér tilteknar aðferðir í námi og vita hvaða þjónustu þeir þurfa að fá. Margir þurfa þó að tileinka sér ný vinnubrögð og þá er mikilvægt að hafa samband við Námsráðgjöf strax við upphaf misseris.

Brýnt er að hafa í huga að sömu námskröfur eru gerðar til allra sem þreyta nám við HÍ en markmið úrræða er að jafna aðstöðu nemenda til náms.

Hér fylgir stutt lýsing á algengustu úrræðum í HÍ:

Lengri próftími

Tilfönin geta til dæmis verið: prófkvíði, hreyfihömlun, gigt, sjónskerðing, dyslexía eða langvarandi veikindi.

Rólegar aðstæður í prófum

Í rólegum aðstæðum eru að hámarki fimm stúdentar í prófstofu. Stúdentum með prófkvíða, geðræn vandamál eða langvarandi veikindi eða sjúkdóm er boðið upp á þessa þjónustu.

Glósuvinur

Sjónskertir, hreyfihamlaðir og stúdentar með dyslexíu geta óskað eftir að fá aðstoð við að skrá niður glósur í tímum.

Lituð og stækkuð prófblöð

Sjónskertir og stúdentar með dyslexíu geta óskað eftir því að fá prófblöð lituð og/eða stækkuð í prófum.

Próftaka á tölvu

Próftaka á tölvu krefst samþykkis viðkomandi kennara. Stúdentar með skerta hreyfigetu í höndum geta nýtt sér sérhæfð lyklaborð við próftöku á tölvu. Í vissum tilvikum geta stúdentar með dyslexíu óskað eftir að þreyta próf á tölvu með leiðréttingarforriti.

Prófkvíðanámskeið/námstækninámskeið

Námsráðgjöf stendur fyrir prófkvíða- og námstækninámskeiðum á hverju misseri sem standa öllum háskólastúdentum til boða. Námstækninámskeiðin eru sniðin að kröfum sem gerðar eru á háskólastigi.

Ritari í prófum

Stúdentar með skerta hreyfigetu í höndum eða sjónskerðingu eiga kost á ritara í prófum.

Próf lesið á diktafón/lesari

Sjónskertir og stúdentar með dyslexíu eiga kost á að fá próf lesin inn á segulband eða lesin upp af prófverði.

Hreyfanlegur tónmöskvi

Heyrnarskertir stúdentar með FM-heyrnartæki geta fengið afnot af hreyfanlegum tónmöskva í kennslustundum.





**Námsráðgjöf veitir
upplýsingar um úrræði
og aðgengi við Háskóla
Íslands. Netfangið er
radgjof@hi.is.**

Skönnun námsefnis fyrir enskan þul

Í Háskóla Íslands eiga sjónskertir og stúdentar með dyslexíu þess kost að fá enskar námsbækur skannaðar á tölvutækt form. Jafnframt fá þeir aðgang að enskum þul (talgevli).

Aðstoðarmaður

Stúdentar sem þurfa aðstoð við að sækja fyrirlestra vegna hreyfihömlunar eða sjónskerðingar geta óskað eftir aðstoðarmanni. Aðstoðarmaður er að jafnaði fenginn úr röðum samstúdenta.

Uptaka á fyrirlestrum

Heyrnarskertir, stúdentar með dyslexíu og hreyfihamlaðir geta óskað eftir því að taka upp fyrirlestra. Til þess þarf samþykki viðkomandi kennara.

Stuðningsviðtöl og persónuleg ráðgjöf

Námsráðgjafar veita ráðgjöf um vinnubrögð og skipulagningu í námi. Námsráðgjöf býður einnig upp á skammtímameðferð fyrir stúdenta með sálræna erfiðleika. Þá fá stúdentar aðstoð við að leita sér sérfræðipjónustu utan skólans.

Aðgengissetur

Sjónskertir, hreyfihamlaðir og stúdentar með dyslexíu geta nýtt vinnu- aðstöðu á aðgengissetri Háskóla Íslands og fá þar afnot af sérhæfðum búnaði eins og enskum þul, sérhæfðu lyklaborði, leiðréttingarforriti, blindraletursskjá, blindraletursprentara og stækkunarbúnaði.

Dyslexíumerktar úrlausnir í prófum

Stúdentum með dyslexíu stendur til boða að prófúrlausnir séu merktar sérstaklega til að upplýsa kennara um að próftaki sé með slíka hömlun.

Táknmálstúlkur/táknmálsritari

Heyrnarskertir stúdentar eiga rétt á táknmálstúlkun/táknmálsritun í öllum kennslustundum og viðburðum sem þeim kunna að tengjast.



NÁM ERLENDIS – HEAG

Mörgum finnst áhugavert að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla. Þegar hugað er að námi erlendis er mikilvægt að undirbúa sig í tíma, sérstaklega fyrir þá sem þurfa á sérhæfðri þjónustu að halda.

Í Bandaríkjunum og Kanada er almennt hugað vel að slíkri þjónustu og gagnlegar upplýsingar eru jafnan á heimasíðum skólanna. Evrópusambandið hefur látið vinna upplýsingaveitu um aðgengi og þjónustu við nokkur hundruð háskóla í álfunni, www.heagnet.org.

Á síðunni er að finna grunnupplýsingar um þjónustu sem skólarnir veita. Þær eru settar fram á stöðluðu formi til að auðvelda nemendum samanburð, hvort sem menn hyggja á nám í eigin landi eða erlendis.

**Upplýsingaveita um
aðgengi og þjónustu
háskóla í Evrópu:
www.heagnet.org**

AÐRIR SEM LÁTA SIG MÁLEFNIÐ VARÐA



Félagar í stjórn Fortúnu

Ráð um málefni fatlaðra

Hlutverk ráðs um málefni fatlaðra er m.a. að sjá um stefnumótun skólans í málefnum fatlaðra og framkvæmd hennar, að samhæfa vinnu allra sem sinna málaflokknum, afla upplýsinga um stöðu fatlaðra innan HÍ og að hafa frumkvæði að fræðslu um málefni fatlaðra innan háskólasamfélagsins. Formaður þess er jafnréttisfulltrúi Háskólans.

Vefslóð: www.hi.is/page/radummalefnifatladra.

Netfang: jafnretti@hi.is.

Fortúna – Félag um málefni fatlaðra stúdenta í HÍ

Fortúna er félag um hagsmuni fatlaðra stúdenta við Háskóla Íslands. Allir sem skráðir eru í Háskólann geta skráð sig í félagið. Eitt af meginmarkmiðum félagsins er að gera málefni þessa hóps sýnilegri ásamt því að sinna félags- og hagsmunamálum fatlaðra stúdenta í Háskóla Íslands og vera málsvari þeirra innan skólans og utan. Þá vill félagið stuðla að bættum aðbúnaði og aðgengi auk þess að vinna að samskiptum við hagsmunafélög.

Vefslóð: www.hi.is/nem/fortuna.

Netfang: fortuna@hi.is.

Framhaldsnám í fötlunarfræði

Við félagsvísindadeild er í boði framhaldsnám í fötlunarfræði. Markmið námsins er að efla kennslu og fræðistörf á sviði fötlunarfræða og styrkja þannig rannsóknir, framþróun og stefnumörkun á fræðasviðinu og í málefnum fatlaðs fólks.

Vefsetur er rekið í tengslum við nám í fötlunarfræði.

Vefslóð: www.hi.is/nam/fotlunarfraedi.

Vefsetur í fötlunarfræði

Vefsetur í fötlunarfræði er miðstöð þekkingar, fróðleiks og upplýsinga í fötlunarfræðum og fróðleiksbrunnur fyrir fatlað fólk og aðra sem hafa áhuga á málefnum fatlaðra.


Vefslóð: www.fotlunarfraedi.hi.is.

Netfang: fotlun@hi.is.




Nemendur í fötlunarfræði


LEIÐIR OG BÍLASTÆÐI FYRIR HREYFIHAMLADA



Upplýsingar um aðgengi
í háskólabýggingum má
finna á vefslóðinni:
[http://www.hi.is/page/
radummalefningatladra/
adgengi](http://www.hi.is/page/radummalefningatladra/adgengi)



Útgefandi: Ráð um málefni fatlaðra
í Háskóla Íslands
Styrktaraðilar: Félagsmálaráðuneytið og
jafnréttisnefnd Háskóla Íslands
Ritstjórn: Ásdís Guðmundsdóttir
Berglind Rós Magnúsdóttir
Gísli Fannberg
Lilja Þorgeirsdóttir
Magnús Stephensen
María Dóra Björnsdóttir
Rannveig Traustadóttir
Hönnun: Hilde Tveten
Ljósmyndir: Arnaldur Halldórsson
Prentun: Gutenberg



**Námsráðgjöf veitir
upplýsingar um úrræði og
aðgengi við Háskóla Íslands.
Netfangið er radgjof@hi.is.**